

Til Sveitarstjórna

Reykjavík, 21. ágúst 2021

Tilvísun PÍ: 2021050775/4.2

Tilvísun sendanda:

Leiðbeiningar um meðferð kjörskrárstofna vegna Alþingiskosninga 25. september 2021

Með bréfi þessu er hverri sveitarstjórn send 3 eintök af kjörskrárstofni ásamt yfirliti yfir skiptingu kynja eftir kjördeildum vegna Alþingiskosninga sem fram fara laugardaginn 25. september 2021.

I. Kjörskrárstofnar og kosningaréttur

Kjörskrá er gerð samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með síðari breytingum (kosningalög) og eiga allir þeir kosningarétt sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- eru íslenskir ríkisborgarar,
- eru orðnir 18 ára þegar kosning fer fram og
- eru skráðir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi fimm vikum fyrir kjördag (21. ágúst 2021)

Enn fremur eru á kjörskrárstofni þeir íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis en eiga kosningarétt samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 24/2000.

II. Kjörskrárstofnar

Sveitarstjórnir sjá um að kjörskrár séu gerðar en Þjóðskrá gefur út prentútgáfu kjörskrárstofna til afnota fyrir sveitarstjórnir.

Á hverri blaðsíðu koma fram upplýsingar um heiti sveitarfélags, kjörstað og kjördeild (hafi þær upplýsingar verið skráðar í kjördeildarkerfinu), auk blaðsíðunúmers innan sveitarfélags og raðnúmers kjósenda. Skjaldarmerki Íslands er staðsett efst í hægri horni hversrar blaðsíðu og er svartlitað, gráir rastar afmarka leslínur og heimilisföng eru feitletruð.

Á kjörskrárstofni eru eftirtaldar upplýsingar um kjósendur skráðar:

- nafn,
- lögheimili,
- kyn: karl = 1, kona = 2, hlutlaust kynskráning = 7
- kennitala.

Athygli er vakin á því að til samræmis við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 hefur Þjóðskrá bætt við einum dálki við kynjaskráningu í kjörskrá fyrir hlutlausa kynskráningu og er sá dálkur merktur með fyrirsögninni „Hlk“. Vinsamlegast lesið vel leiðbeiningar: